

Skógræktarframkvæmdir í Selárdal, Vopnafjarðarhrepp

Ákvörðun um matsskyldu

1 Inngangur

Þann 29. apríl 2024 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Six Rivers Iceland um Skógræktarframkvæmdir í Selárdal í Vopnafjarðarhreppi, samkvæmt 19. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, sbr. lið 1.04 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Vopnafjarðarhrepps, Fiskistofu, forsætisráðuneytisins, Lands og Skógar, Minjastofnunar Íslands, Heilbrigðiseftirlits Austurlands, Náttúrufræðistofnunar Íslands og Umhverfisstofnunar.

2 Gögn lögð fram

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Tilkynning um framkvæmdir vegna fyrirhugaðrar skógræktar og landgræðslu í Selárdal í Vopnafirði sem kunna að vera matsskyldar skv. 19 gr. laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Six Rivers Iceland. 2024.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

- Vopnafjarðarhreppi dags. 27. maí 2024
- Fiskistofu dags. 19. júní 2024
- Forsætisráðuneytinu dags. 7. júní 2024
- Heilbrigðiseftirliti Austurlands dags. 7. júní 2024
- Minjastofnun Íslands dags. 5. júní 2024
- Náttúrufræðistofnun Íslands dags. 29. maí 2024
- Umhverfisstofnun dags. 13. júní 2024

Ekki barst umsögn frá Landi og Skógum.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila 24. júní 2024.

3 Fyrirhuguð framkvæmd

Með fyrirhugaðri framkvæmd er stefnt að því að bæta afkomu laxastofnsins í Selá, m.a. með því að bæta uppeldisskilyrði fyrir laxaseiði í Selsá og Ytri-Hrútá sem renna í Selá. Báðar þessar ár eiga upptök sín í, og renna að talsverðu leyti um þjóðlendu sem er í innanverðum Selárdal og inn af honum. Báðar árnar búa yfir góðum skilyrðum til uppeldis seiða, en stór hluti þess lands sem þær renna um er í mjög lélegu ástandi. Þetta orsakar skort á fæðu fyrir laxaseiðin, sem reynt verður að bæta úr með því að rækta upp skóg á fyrrnefndu svæði sem afmarkast af Selsá í norðri, Selá í suðri og Ytri-Hrútá í vestri. Svæðið telur tæpa 1300 hektara, þar af eru rúmlega 550 ha melar, tæpir 540 ha fjalldrapamói, tæplega 180 ha votlendi og nokkrir hektarar flokkaðir sem moldir. Svæðið er í 380-480 m.y.s. en stærstur hluti þess stendur í 400-440 metrum. Notast á við birki, gulvíði og loðvíði og til skoðunar er að nota elri næst þveránum. Þegar trén fella lafin myndast lífmassi sem styrkir fæðunetið innan ána og býr þannig til fæðu fyrir fiskinn. Ekki er stefnt að því að notast við áburð í þessum framkvæmdum, en hugsanlega verða notaðar heyrúllur, bæði til að binda jarðveg, en



einnig til að stöðva frostlyftingu jarðvegs og vonandi bæta lífsskilyrði plantna þannig. Búið er að skipuleggja aðgerðir á um 350 ha svæði næstu átta árin og ef vel til tekst munu bætast við rúmlega 350 ha svæði til viðbótar hið minnsta. Til stendur að planta á bilinu 25.000-40.000 plöntum á ári fyrstu 5 árin en óskað verður eftir leyfi til næstu 25 ára. Áætlað er að planta í kring um 2000-2200 plöntum á ha á illa grónum svæðum en mun gisnara í mólendi þar sem gróðurþekja er yfir 60%. Ekki er gert ráð fyrir raski við gróðursetninguna og ekki þarf að ráðast í vegagerð.



Mynd 1. Afmörkun framkvæmdasvæðis.

Með fyrirhuguðum skógræktarframkvæmdum má gera ráð fyrir eftirfarandi:

1. Aukin gróðurþekja við árbakkana og á nærliggjandi svæðum muni binda jarðveginn næst ánum og minnka áfok ofan í árnar en fínt efni eyðileggur uppeldisstöðvar fyrir seiðin og dregur úr vexti og lifun seiða.
2. Þegar tré fella lauf árlega bætist við mikið magn rotnandi plöntuleifa á svæðinu sem fæða fyrir hryggleysingja og smádýr sem eru aftur fæða fyrir laxaseiðin. Mikill skortur er á svokölluðum brúnefnum í fæðukeðjunni í Selá sem og öðrum ám á Norðausturlandi.
3. Með auknum gróðri munu gæði jarðvegar batna auk þess sem fjöldi skordýra mun aukast sem nærast á trjágróðrinum. Þessi skordýr geta fallið í árnar og orðið fæða fyrir fullorðna laxfiska og smádýr í vatninu.

Eftirlit og mótvægisáðgerðir

Fylgst verður með að fyrirhuguð skógrækt muni ekki hafa slæm áhrif á árnar og lífríki þeirra og verður t.a.m. mælingar á magni seiða sem komast á legg í hverjum árgangi, stærð þeirra og áætluðu hlutfalli endurkomulaxa í ánum. Það verður fljótt greint ef hrun verður á seiðastofninum af einhverjum völdum. Rannsóknir hafa verið gerðar á hvaða fæðu seiði í Selá eru að nýta sér og því hafi framkvæmdaraðili góða mynd af því hvaða breytingar verða í fæðuvali laxaseiðanna þegar fram líður og hvort skógræktin skili tilætluðum árangri.



Eftirlit með ánum verður stöðugt og í sumar verður farið í grunnmat á stöðu þörunga og hryggleysingja í ánum ásamt grunnframleiðni. Seiðarannsóknir munu einnig halda áfram næstu árin líkt og verið hefur. Þá verður farið í hreisturrannsóknir á endurkomulaxi til að meta vaxtarhraða hans í sjó og á landi og mun þetta hjálpa til við að sjá breytingar í vaxtarhraða í framtíðinni sömuleiðis.

Til að hafa eftirlit með ástandi gróðurs á landi og framgangi uppgræðslu á svæðinu ætla framkvæmdaraðili að taka þátt í landvöktunarverkefni á vegum Lands og skógar sem er hluti af GróLindarverkefni stofnunarinnar.

Í umsögn Vopnafjarðarhrepps kemur fram að hreppurinn telji nauðsynlegt að fram fari nákvæm greining á áhrifum framkvæmdarinnar þar sem hún gæti valdið umtalsverðum umhverfisáhrifum sem erfitt sé að sjá fyrir að öllu leyti fyrirfram. Um sé að ræða svæði sem sé viðkvæmt og gæta þurfi sérstakrar varúðar til að raska ekki mikilvægum vistfræðilegum kerfum með breytingum sem e.t.v. séu ekki afturkræfar og ekki æskilegar. Því sé afar mikilvægt að vanda vel til verka, framkvæma í litlum áföngum til að byrja með og gefa sér nægan tíma til vöktunar til að geta metið hver áhrifin verði í raun áður en haldið sé áfram með verkefnið. Sveitarstjórn leggi áherslu á að gætt sé varúðar við allar framkvæmdir sem geti haft áhrif á vistkerfi ána í Vopnafirði og valdið breytingum á þeim sem og svæðum sem þær hafa afrennsli af.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands kemur fram að ekki sé minnst sérstaklega á vöktun fugla innan svæðisins, en ættu að vera hluti af vöktunarverkefninu.

Í svari framkvæmdaraðila kemur fram að skógræktarteymi Six Rivers Iceland sé meðvitað um hve viðkvæmt áætlað framkvæmdasvæði sé innan þjóðlendunnar í Selárdal. Þess vegna sé framkvæmdin skipulögð þannig að röskun á svæðinu verði sem minnst. Framkvæmdin sé hugsuð þannig að hún styðji staðargróður og sporni gegn þeirri landeyðingu og jarðvegsrofi sem nú sé á svæðinu. Ferlið verði vaktað á margvíslegan hátt sem útlistað sé í framkvæmdaráætluninni og hafi fuglavöktun verið bætt inn í vöktunaráætlunina þar sem setja eigi upp vöktunarsnið á framkvæmdasvæðinu og á samanburðarsvæði. Framkvæmdaraðili telji því að full ábyrgð og fyrirhyggja sé sýnd varðandi verkefnið.

Fram kemur að sérstök áhersla sé lögð á að verkefnið hafi ekki neikvæð áhrif á vistkerfi ána enda sé markmið framkvæmdaraðila að styrkja þau. Framkvæmdaraðili sé meðvitaður um þá ábyrgð sem hann beri á framkvæmdarsvæðinu og Selá allri með því að ráðast í þessa framkvæmd svo ofarlega í vatnasviði árinna. Sérstök ábyrgð fylgi því að vera treyst fyrir þjóðlendu sem sé eign okkar allra. Fyllsta öryggis verði gætt á öllum stigum framkvæmdarinnar. Skógræktarverkefnið sé í góðu samræmi við stefnu stjórnvalda, m.a. í loftslagsmálum sem og skref í að ná markmiðum stjórnvalda í Bonn-áskoruninni; alþjóðlegu átaki um endurheimt skóga en markmið Íslands sé að árið 2030 þeki birki 5% landsins.

4 Umhverfisáhrif

Hér er fjallað um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eins og þeim er lýst í framlögðum gögnum Six Rivers Iceland og umsögnum umsagnaraðila.

Áhrif á gróður og vistgerðir

Í greinargerð Six Rivers Iceland kemur fram að samkvæmt vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar Íslands flokkist melarnir sem eyðimelavist sem hafi lágt verndargildi. Móasvæðin meðfram Selsánni séu að mestu leyti fjalldrapamói en einnig svolítið af starmóavist meðfram Ytri-Hrútá. Báðar þessar vistgerðir séu algengar á Íslandi og hafi miðlungs verndargildi. Meðfram Selá sé einnig sé votlendissvæði sem flokkist mestmegnis sem brokflóavist og tjarnastararflóavist en að litlu leyti sem runnamýravist. Allar þessar votlendisvistgerðir hafi hátt verndargildi. Mýrar og önnur



votlendissvæði séu afskaplega mikilvæg fyrir árnar því þau bæði tempru sveiflur í flæði þeirra sem og hitastigi vatnsins. Votlendissvæðin seyta einnig mikilvægum næringarefnum út í árnar.

Víða sé svæðið ógrónir melar og því þurfi að undirbúa svæðið fyrir mögulegri gróðursetningu með því að græða það upp. Þegar stöðugleiki sé kominn á jarðveginn verði farið í gróðursetningu á áður ógrónum melum. Lokastærð framkvæmdarinnar muni ráðast að hluta af því hversu vel gangi að koma trjáplöntum á legg á melasvæðum eftir heyrúlludreifingu. Endurmat verði á verkefninu þegar reynsla verði komin á lifun plantna á svæðinu sem og árangur uppgræðsluáðgerða.

Notast eigi við birki, loðvíði og gulvíði þegar gróðursett verði á svæðinu og flokkist hún því sem náttúruskógrækt. Náttúruskógar séu mikilvægir í vistkerfisþjónustu landsins sem og búsvæði tegunda. Notast verði við loðvíði í rofjaðra til að reyna halda aftur af frekara rofi og í mjög rýra bletti inni á gróðursetningasvæðum. Birki og gulvíðir verði gróðursett saman til að hafa fjölbreytta gróðursetningu. Uppi séu hugmyndir um að nota elri nær árbökkum þar sem kjöraðstæður séu fyrir seiði og styrkja fæðunetið í kring um þau svæði. Sömuleiðis séu uppi hugmyndir um að prófa aðrar niturbindandi tegundir í landgræðslutilgangi t.a.m. smára, umfeðming og baunagrös, og sjá hvernig þeim vegni í þessari hæð.

Eðli verkefnisins feli í sér að hafa áhrif á gróðurfar á svæðinu en með aukinni gróðurþekju vonast framkvæmdaraðili til þess að binda jarðveg á svæðinu og sömuleiðis grípa þann jarðveg sem fer af stað yfir sumarið í gróðrinum til að tapa honum ekki af svæðinu, og þannig minnka kolefnislosun svæðisins.

Í umsögnum Náttúrufræðistofnunar Íslands, Umhverfisstofnunar og forsætisráðuneytisins er bent á að elri sé ekki innlend plöntutegund og að fara ætti varlega í notkun elris á svæðinu því eins og rannsóknir bendi til þá geti tegundin breitt talsvert hratt úr sér og orðið ágeng tegund við vissar aðstæður. .

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að bakkagróður njóti verndar skv. 62. gr. náttúruverndarlaga. Leitast skuli við að viðhalda náttúrulegum bakkagróðri og raska sem minnst bökkum og næsta umhverfi vatna, en skv. framkvæmdalýsingu sé til athugunar að planta elri meðfram árbökkum. Stofnunin telji að plöntun elri geti verið til þess fallin að raska náttúrulegum bakkagróðri árbakkanna.. Einnig kemur fram að skv. náttúruverndarlögum beri að forðast röskun á votlendi nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi.. Stofnunin leggi áherslu á að ekki verði plantað í eða í nálægð við votlendi líkt og áformað sé í framkvæmdalýsingu.

Í umsögn forsætisráðuneytisins kemur fram að ráðuneytið leggi á það áherslu að þess sé gætt að einungis innlendar plöntu- og gróðurtegundir séu notaðar til skógræktar á þessu svæði, jafnframt að staðbundinn gróður sem einkennir landshlutann sé notaður til skógræktar.

Í svari framkvæmdaraðila kemur fram að vissulega sé elri ekki íslensk tegund en hann hafi sína styrkleika sem uppgræðsluplanta þar sem hann sé niturbindandi. Framkvæmdaraðili taki þó undir að þessi tegund eigi kannski ekki heima í þessu verkefni, þótt hún geti reynst gagnleg á svæðinu. Framkvæmdaraðili sé tilbúinn til að hverfa frá þeim áformum að notast við elri við framkvæmdina og nýta þá eingöngu birki og víðitegundir líkt og ætlað var í upphafi. Stefnt sé að því að hlutföll gróðursettra tegunda verði u.þ.b. 70% birki, 20% loðvíðir og 10% gulvíðir. Þessar tegundir finnast allar í Vopnafirði og víðitegundir séu almennt áberandi á hálendi Austurlands. Mögulegt sé að þessi hlutföll breytist með tímanum þegar reynsla sé komin á hvernig hverri tegund reiði af á svæðinu. Framkvæmdin sé að vissu leyti rannsókn á því hvort hægt sé að rækta skóg svo hátt yfir sjávarmáli á Norðausturlandi þ.e. í 400 m hæð. Ekki sé fyrirhugað að gróðursetja í votlendi og mun það fá 50-100 m helgunarsvæði frá skógræktinni. Það muni taka trén langan tíma að vaxa nóg til þess að dreifa sér inn á helgunarsvæðið. Votlendinu stafi því engin ógn af framkvæmdunum. Einnig ætli framkvæmdaraðili sér að viðhafa 30 m helgunarsvæði frá bökkum ána og því muni bakkagróðurinn fá að njóta sín áfram.



Áhrif á vatnafar

Í greinargerð Six Rivers Iceland kemur fram að nokkrar tjarnir megi finna inni á framkvæmdarsvæðinu en einnig séu þar grunnir pollar, sem þorni upp á heitustu sumrunum. Á tveimur stöðum innan framkvæmdasvæðisins séu uppsprettur og litlir lækir sem renni í stærri árnar. Það verði tekið tillit til allra þessara svæða við gróðursetningu. Ekki verði farið nær en 30 metra við árbakka og ekki verði gróðursett í eða við blaut svæði en halda eigi 50-100 m helgunarsvæði við votlendissvæði og 5-10 m fjarlægð frá fyrirbyggjandi vegslóðum á svæðinu. Skráð vatnshlot á svæðinu samkvæmt vatnavefsjá Umhverfisstofnunar séu fjögur talsins þ.e. grunnvatnshlotin Urðir (102-48-G) og Austfirðir (102-292-G) og sé vistfræðilegt ástand þeirra óþekkt og straumvatnshlotin Selá 2 (102-1358-R) og Ytri-Hrúta (102-1310-R), en vistfræðilegt ástand þeirra sé skráð mjög gott.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að vatnshlotin Selá 2 og Ytri-Hrúta hafi verið metin í mjög góðu vistfræðilegu ástandi úr frá líkindum en þörf sé á gögnum til að staðfesta þá ástandsflökkun. Efnafraðilegt ástand þeirra sé ekki þekkt. Grunnvatnshlotin Urðir og Austfirðir séu óflokkuð vegna skorts á gögnum. Stofnunin bendi á að umhverfismarkmið vatnshlota séu lagalega bindandi og ástand þeirra megi ekki rýrna, hvorki tímabundið né varanlega. Gerist það þurfi að fara í mótvægisáðgerðir. Stofnunin undirstriki einnig mikilvægi þess að vöktunin verði gerð í samræmi við stjórn vatnamála þ.e. að þeir gæðapættir sem notaðir séu til þess að meta ástand vatns séu vaktadír. Skila þurfi inn vöktunargögnum til Umhverfisstofnunar sem notuð verði til að meta ástand vatnshlota.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að framkvæmdaraðili telji sjálfsgagt að ofangreindar áætlanir verði unnar í samstarfi við Umhverfisstofnun og þær í framhaldinu hafðar til hliðsjónar við framkvæmdina. Skógrækt bæti almennt vatnsbúskap og vatnsgæði landssvæða og því ólíklegt að framkvæmdin hafi neikvæð áhrif á nálæg vatnshlot. Skógræktarverkefnið í Þjóðlendunni efst í Selárdal sé hugsað þannig að það hafi jákvæð áhrif á umhverfið, þ.m.t. allt vatn á svæðinu. Ætlunin sé að framkvæmdin bindi jarðveg og skili næringarefnum í árnar á svæðinu. Það stuðli að heilbrigðara vatnavistkerfi Selárinna, auki vatnsgæði hennar og bæti þannig uppvaxtarskilyrði laxaseiða á svæðinu. Framkvæmdaraðili telji ólíklegt að áhrif á vatnshlot verði neikvæð. Skógrækt hafi almennt góð áhrif á gæði vatns og tempri öfgar í vatnafari. Engin áburðargjöf verði samhliða gróðursetningunni og engin eiturefni verði notuð í verkefninu. Því sé engin hættu á útskolun skaðlegra efna í vatn á svæðinu frá framkvæmdunum en það er hagur Six Rivers Iceland að árnar séu í góðu ásigkomulagi. Framkvæmdaraðili sé nú þegar að vakta lífríkið í ánum, en unnin verði viðbragðsáætlun um hvernig eigi að bregðast við ef olíuleki verði úr tækjum við flutning trjáplantna inn á framkvæmdasvæðið.

Áhrif á fornminjar

Í greinargerð Six Rivers Iceland kemur fram að í Minjavísi á gagnvirkri gátt Minjastofnunar Íslands sé að finna merkingu fyrir hugsanlegu bæjarstæði á Selárvöllum. Bæjarstæðið sé innan framkvæmdasvæðisins ásamt tóftum af mögulegum útihúsum og öðru sem tengdist búsetu á svæðinu. Til að forðast að raska þeim fornminjum sem kunni að leynast inni á svæðinu hafi verið tekin sú ákvörðun að taka frá stórt helgunarsvæði umhverfis minjarnar. Staurar af gamalli símalínu liggja um 20 m fyrir neðan mögulegt bæjarstæði á Selárvöllum og 90 m fyrir neðan greinilegar tóftir á svæðinu. Starfsmanni Minjastofnunar á Austurlandi hafi verið sendar upplýsingar um framkvæmdaáætlanir sem og GIS gögn af vinnusvæði og mögulegar minjar til að auðvelda úrvinnslu gagna. Beðið sé úrskurðar Minjastofnunar um hvort öruggt sé að koma nær minjasvæðinu en planlagt sé í dag með gróðursetningu. Fornleifaskráningu sé ekki lokið innan svæðisins. Minjastofnun hafi þegar óskað eftir því að fá að taka út svæðið og sent erindi til forsætisráðuneytisins þess efnis, en Þjóðlendur heyri undir ráðuneytið.



Í umsögn Minjastofnunar Íslands kemur fram að óheimilt sé að veita leyfi til framkvæmda án skráningar fornleifa, húsa og mannvirkja skv. lögum um menningarminjar og reglna um skráningu jarðfastra menningarminja vegna skipulags og framkvæmda. Fram kemur að Minjastofnun Íslands hafi veitt umsögn um framkvæmdaráformin til framkvæmdaraðila með bréfi dags. 24. apríl. 2024. Þar kom fram að ekki liggi fyrir fornleifaskráning og því ekki vitað hvort menningarminjar kunni að leynast innan svæðisins. Heimildir og loftmyndir gefi til kynna að minjar séu innan skógræktarsvæðisins. Skrá þurfi allar fornleifar í samræmi við staðla Minjastofnunar Íslands innan svæðisins vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Slík skráning þurfi að vinnast af fornleifafræðingi. Sökum stærðar framkvæmdasvæðisins ráðleggi stofnunin að vinna að undirbúningi skráningarinnar verði í samráði við stofnunina. Minjastofnun Íslands telji af þeim sökum að ekki liggi fyrir skráning menningarminja innan svæðisins að framkvæmdin skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Í svari framkvæmdaraðila kemur fram að svæðið verði minjaskráð áður en framkvæmdir hefjist og samtal við Minjastofnun Íslands þegar hafið. Þar sem heildarsvæðið sé stórt þ.e. 1.300 ha þá muni fornleifaskráning taka tíma og ætlunin sé að hún fari fram í áföngum. Því miður geti minjaskráning ekki hafist strax þar sem Six Rivers Iceland hafi ekki enn fengið svæðinu formlega úthlutað. Það ferli geti ekki hafist fyrr en eftir afgreiðslu Skipulagsstofnunar, forsætisráðuneytisins og sveitarfélagsins Vopnafjarðarhrepps. Fram kemur að samtal við forsætisráðuneytið sé hafið.

Áhrif á ásynd

Í greinargerð Six Rivers Iceland kemur fram að helstu áhrif á umhverfið af framkvæmdunum verði að ásynd á svæðinu sem muni breytast með tilkomu trjáa- og runnagróðurs. Gróðurfar muni taka breytingum og hlutfall mela á svæðinu minnka, en sú vistgerð sé í meirihluta á svæðinu í dag. Vegna hæðar svæðisins yfir sjó megi þó ætla að það taki töluverðan tíma fyrir trén að byrja að vaxa vegna aðstæðna. Að auki séu birki, gulvíðir og loðvíðir hvorki hraðvaxta né hávaxnar tegundir. Það megi gera ráð fyrir því að gróðurþekjan fari ekki yfir 2,5 m hæð þar sem hvorki tegundirnar né aðstæður bjóði upp á það. Svæðið sé mjög fáfarið og megi ætla að eina umferðin um svæðið sé á vegum laxveiðimanna og leiðsögumanna Six Rivers Iceland og bænda sem eigi leið um svæðið til að skima eftir búfenaði ofar á heiðinni. Það verði því ekki margir varir við breytta ásynd svæðisins.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram jákvætt sé að notast við innlendar trjá- og runnatregundir en vilji vekja athygli á því að elri sé ekki innlend tegund. Telji stofnunin að framkvæmdin muni hafa áhrif á og breyta landslagi og ásynd svæðisins þar sem gróðurlausir melar verði græddir upp.

Í umsögn forsætisráðuneytisins kemur fram að komi til skógræktar og landgræðslu á svæðinu muni ráðuneytið gera kröfu um að sem minnst rask verði á landslagi, jarðvegi og á landi, og að við frágang verði þess gætt að hafa yfirborð sem líkast aðliggjandi landi og að röskuð svæði verði mótuð í samræmi við landslag.

Áhrif á dýralíf

Í greinargerð Six Rivers Iceland kemur fram að þegar trén vaxi verði önnur samsetning á fuglum og smádýrum umhverfis skógræktina. Vonir standi til að framkvæmdirnar hafi mikil og jákvæð áhrif á það dýralíf sem finnst í Selá, Selsá og Ytri-Hrútá. Bæði fyrir hryggleysingja og laxfiska. Hætt sé við því að mófuglar sem fyrir eru á svæðinu muni hörfa, en þeir séu ekki margir í þessari hæð á svo gróðursnauðu landi. Framkvæmdaraðili bindi miklar vonir við að með auknu kjarri á svæðinu muni rjúpan sækjast í svæðið, sérstaklega á vetrum þegar meginfæða hennar sé brum ýmissa runn- og trjátegunda. Fram kemur að lítið sé um spendýr á svæðinu. Hreindýr geti komið inn á svæðið en framkvæmdin muni ekki hefta för þeirra enda haldi þau sig yfirleitt við Háganga en ekki á þessu svæði til lengdar. Þar sem ekki verði girt sé engin hætta á að hreindýr slasist við yfirferð sína á svæðinu en mögulegt sé að þau valdi skaða á trjáplöntum.



Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að samkvæmt náttúruverndarlögum skuli stuðla að vernd líffræðilegrar fjölbreytni en vistgerðirnar brokaflóavist og tjarnastararflóavist sem finnast innan framkvæmdasvæðisins séu vistgerðir með hátt verndargildi og á lista Bernarsamningsins yfir vistgerðir sem þarfnist verndar. Í vistgerðunum geti verið ríkt fuglalíf eða allríkt fuglalíf og algengt að varpfuglategundir nýti slíkar vistgerðir til varps. Þar sé um að ræða ábyrgðartegundir Íslands á borð við lóupræl, spóa og stelk. Mikilvægt sé því að skoða svæðið með tilliti til þess hvort ábyrgðartegundir Íslands verpi á svæðinu og tilgreina hvaða leiðir verði farnar til að draga úr neikvæðum áhrifum á ofangreindar vistgerðir og búsvæði fuglanna. Stofnunin leggi á það áherslu að svæðum verði ekki raskað þar sem vistgerðir með hátt verndargildi finnast og séu mikilvæg líffsvæði fyrir mófugla. Stofnunin telji áhrifin neikvæð á fuglalíf þar sem búsvæði vað- og mófugla hverfi.

Í umsögn forsætisráðuneytisins kemur fram að ráðuneytið taki undir sjónarmið Náttúrufræðistofnunar Íslands frá 29. maí 2024 og telji að gera þurfi betur grein fyrir því hvort og þá hvernig umrædd framkvæmd komi til með að hafa áhrif á dýralíf á svæðinu og þá sérstaklega fuglalíf, með tilliti til varpsstaða fugla. Í ljósi þessa telji ráðuneytið að umrædd framkvæmd kunnist að hafa umtalsverð umhverfisáhrif og að framkvæmdin skuli háð mati á umhverfisáhrifum. Auk þess leggi ráðuneytið á það áherslu að óháður sérfræðingur á sviði skógræktar í þessum landshluta og eða óháður sérfræðingur á sviði landgræðslu komi að verkefninu ef til þess komi.

Í svari framkvæmdaraðila kemur fram að ekki sé ljóst hvaða fuglategundir hafi búsetu á svæðinu né hver sé þéttleiki tegundanna. Six Rivers Iceland ætli að setja upp fuglavöktunarsnið á svæðinu, sem og á samanburðarsvæði utan framkvæmdasvæðisins. Með þessu verði hægt að meta hvaða tegundir séu að nýta svæðið og hvort þær hörfi af svæðinu eftir að gróðursetning hefst. Six Rivers Iceland hafi verið í góðu samstarfi við Land og Skóga m.a. um atriði sem varða landgræðslu og vistkerfisendurheimt.

5 Skipulag og leyfi

Svæðið er staðsett innan þjóðlendna en nýtur ekki sérstakrar verndar Samkvæmt aðalskipulagi Vopnafjarðarhrepps er svæðið skilgreint sem óbyggt svæði. Nýtt aðalskipulag er í vinnslu fyrir sveitarfélagið, gögnum hefur verið skilað inn og óskað eftir því að svæðið verði skilgreint sem skógræktar- og landgræðslusvæði.

Framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Vopnafjarðarhrepps skv. skipulagslögum og reglugerð um framkvæmdaleyfi.

Allar framkvæmdir og jarðrask innan þjóðlendna sem vara lengur en í eitt ár eru háðar samþykki forsætisráðuneytisins skv. lögum um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta.

Framkvæmdin er háð leyfi frá Fiskistofu á grundvelli laga um lax- og silungsveiði, þar sem sérhver framkvæmd í eða við veiðivatn allt að 100 m frá bakka sem geti haft áhrif á lífríki vatnsins eða aðstæður til veiði er leyfis skyld.

Skipulagsstofnun bendir á að við afgreiðslu umsóknar um leyfi á grundvelli m.a. skipulagslaga skal leyfisveitandi tryggja að leyfið sé í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun Íslands 2022-2027, sbr. 3. mgr. 28. gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála.

Finnist forminjar á svæðinu eða verði nauðsynlegt að raska fornminjum ber framkvæmdaraðila að tilkynna það til Minjastofnunar Íslands og fá samþykki fyrir því skv. lögum um menningarminjar.



6 Niðurstaða

Um er að ræða rúmlega 700 ha skógræktarframkvæmdir í Selárdal, Vopnafirði. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 19. gr. og lið 1.04 í 1. viðauka í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Eðli, staðsetning og eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eðli framkvæmdar, svo sem stærð og umfangi hennar, nýtingar náttúruauðlinda, einkum lands, jarðvegs og vatns, og líffræðilegrar fjölbreytni sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Einnig skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar og hversu viðkvæm þau svæði eru sem líklegt er að framkvæmd hafi áhrif á, svo sem með tilliti til landnotkunar, magns og getu náttúruauðlinda til endurnýjunar, verndarákvæða, einkum svæða sem njóta verndar skv. lögum um náttúruvernd, vegna fornleifa eða á grundvelli alþjóðlegra samninga sem Ísland er bundið af. Einnig ber að líta til álagspóls náttúrunnar, svo sem með tilliti til votlendissvæða, landslagsheilda og kjörlendis dýra sbr. 2 tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Að endingu ber að skoða áhrif framkvæmdar í ljósi gerðar og eiginleika hugsanlegra áhrifa hennar, svo sem með tilliti til: umfangs, eðlis, styrks og fjölbreytileika áhrifa, hverjar líkur séu á áhrifum, væntanlegs upphafs, tímalengdar, tíðni og afturkræfni áhrifa og möguleika á að draga úr áhrifum, sbr. 3. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021.

Um er að ræða nokkuð umfangsmikla framkvæmd sem felur í sér gróðursetningu á allt að 700 ha svæði sem ber fá ummerki mannglegra athafna og er innan þjóðlendu. Áformað er að gróðursetja einungis innlendar tegundir og ekki verður notast við vélar við jarðvinnslu við gróðursetningu auk þess sem enginn áburður verður borinn á við gróðursetningu. Ekki þarf að ráðast í vegagerð eða aðrar stórtækar aðgerðir við framkvæmdina. Í kjölfar gróðursetningarinnar mun vaxa upp lágreistur skógur með birki, loðvíði og gulvíði. Skipulagsstofnun telur jákvætt að þessi áform um skógrækt taki mið af því að notast eingöngu við innlendar trjátegundir auk þess sem það er jákvætt hvernig fyrirhugað er að standa að gróðursetningu.

Að mati Skipulagsstofnunar felast helstu neikvæðu áhrif framkvæmdarinnar í áhrifum á fuglalíf og ásýnd. Ljóst er að yfirbragð svæðisins, sem er frekar gróðurrrýrt og einkennist af melum og mólendi kemur til með að breytast með tilkomu skóg- og kjarrlendis. Sá mólendisgróður sem fyrir er mun víkja þegar fram líða stundir og mófuglar og vaðfuglar koma smám saman til með að missa búsvæði sín en í stað þeirra koma væntanlega tegundir skógarfugla. Skipulagsstofnun hvetur til þess að talning á varpfuglum innan áhrifasvæðisins fari fram líkt og Umhverfisstofnun bendir á og jafnframt að gert verði ráð fyrir vöktun á breytingum á fuglalífi eins og Náttúrufræðistofnun bendir á. Innan framkvæmdasvæðisins er votlendi og bakkagróður sem nýtur sérstakrar verndar á grundvelli náttúruverndarlaga og vistgerðir með hátt verndargildi. Framkvæmdaraðili tekur fram að ekki verði plantað í votlendi á svæðinu og helgunarsvæði frá bökkum ána verður 30 m. Skipulagsstofnun bendir á að votlendi yfir 2 ha nýtur sérstakrar verndar skv. náttúruverndarlögum og ber að forðast að raska því nema brýna nauðsyn beri til. Í náttúruverndarlögum segir um bakkagróður að við vatnsnýtingu og framkvæmdir í eða við vötn skal leitast við að viðhalda náttúrulegum bakkagróðri við ár og stöðuvötn og haga mannvirkjum og framkvæmdum þannig að sem minnst röskun verði á bökkum og næsta umhverfi vatnsins. Skipulagsstofnun leggur áherslu á að forðast verði að raska votlendi og telur að í framkvæmdaleyfi eigi að kveða á um að fyrir liggja kortlagning á votlendissvæðum sem nýtur sérstakrar verndar á áhrifasvæði framkvæmdarinnar áður en framkvæmdir hefjast og að óheimilt verði að planta í slíkt votlendi, sem og nálægt bökkum ána.

Skipulagsstofnun telur brýnt að áður en framkvæmdaleyfi verður gefið út hafi farið fram fornleifaskráning sem uppfyllir kröfur Minjastofnunar Íslands og niðurstöður hennar, ásamt tillögum framkvæmdaraðila að mótvægisáðgerðum, verið bornar undir Minjastofnun.



Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að þeir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun sem kynnt hefur verið við meðferð málsins sem og vöktun og mótvægisáðgerðir þannig að framkvæmdin muni ekki að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið. Að mati Skipulagsstofnunar kalla þættir sem falla undir eðli, staðsetningu og eiginleika hugsanlegra áhrifa framkvæmdarinnar ekki á að framkvæmdin undirgangist mat á umhverfisáhrifum.

Ákvörðunarorð

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 30. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 12. ágúst 2024.

Reykjavík, 11. júlí 2024

Jakob Gunnarsson

Þórdís Stella Erlingsdóttir

